


FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 



Þín útivistarverslun
Reykjavíkurvegi 64
www.fjallakofinn.is

Fimmtudagur 11. maí 2017 | 18. tbl. 15. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift fritt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



VANTAR ALLAR GERÐIR EIGNA Á SÖLUSKRÁ HAFIÐ SAMBAND VIÐ SÖLUMENN OKKAR



Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is
Stofnuð 1983

Jón Arnluss
KÖKULIST

Treystu mér fyrir veislunni!

www.kokulist.is
Firði • sími 555 6655

MATHÚS BAR
VON

Sístrandgata 75 • 583 6000 • vonmathus.is • facebook.com/vonmathus

Léku á flautur í sólinni

Eitt besta maíveður í langan tíma fær snöggan endi

Bæjarbúar nýttu sér góða veðrið og sjá mátti fólk í sumarskapi m.a. í miðbænum. Þetta góða maíveður var þó skammgóður vermir og kalt veður og væta skall á. Birkíð er þó að springa út og allt að grænka sem segir okkur að sumarið er að koma.



Kristjana, kennari í Tónlistarskólanum fór með nemendur sína út og léku þeir fyrir gangandi.

AS
FASTEIGNASALA

Stofnuð 1988



Fjarðargötu 17
Sími: 520 2600
Opið virka daga kl. 9-17
as@as.is

www.as.is



TILBOÐS VEISLA

Grill á betra verði

Broil King
SÚPER TILBOÐ
52.900 kr
~~62.900 kr~~
Monarch 320
8.8Kw- 3 ryðfrír, „Dual Tube“ brennarar, grillstærð: 37,5 cm x 57,25 cm. Rafkveikjari, grill grind úr pottjárni, postulínhúðuð vermigrind, hitamælir í loki.
3000603



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066, fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmíðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

Fengu þriðja Grænfánann

Leikskólinn Hvammur tók á móti Grænfána á 29 ára afmæli skólans



Fáninn dreginn að húni og krakkarnir fylgjast spenntir með.

Hann var orðinn slitinn og trosnaður Grænfáninn sem hékk á fánastönginni við Hvamm. Enda var kominn tími til að fá nýjan. Leikskólinn hefur hlotið

alþjóðlega viðurkenningu „Skóli á grænni grein“ en Grænfáninn er merki verkefnisins sem stuðlar að menntun í sjálfbærri þróun og að efla vitund fólks til að ganga vel um umhverfi sitt.



leiðarinn

Hafnarfjörður á gríðarlega langt í langt með að uppfylla kröfur um göngu- og hjólastíga í bænum og um upplönd hans. Loks er komið á teiknborðið stigur meðfram Kaldárselsvegi, að vísu aðeins áleiðis að Kaldárseli. Tengingar á milli hverfa eru víða afleitar fyrir hjólandi, t.d. frá Setbergshverfinu í miðbæinn. Nýverið var gerð úttekt á aðgengi í skólum bæjarins og víða var þar bent á atriði sem betur mátti fara svo fatlaðir gætu verið þar til jafns við ófatlaða. Ég öfunda ekki þá sem eru í hjólastólum að fara á milli hverfa bæjarins og má þar nefna tengingu meðfram Strandgötunni að Aslandi.

Þegar vegir eru hannaðir er farið eftir stöðlum en þegar göngustígar eru lagðir eru kröfumar allt aðrar. Jafnvel undirvinnan er ómöguleg og steinar læðast upp úr malbikinu nokkrum árum síðar.

Gera ætti þá kröfu til bæjarfulltrúa að ferðast aðeins á hjóli um bæinn í einn mánuð og leyfa þeim að finna hvar skóinn krepur. Þó aðeins hafi verið brugðist við þegar bent var á allar ómerktu „gangbrautirnar“ þá er enn af nógu að taka og skýrasta dæmið er „gangbrautin“ frá Firði og út á Strandstíginn. Engar merkingar og því engin gangbraut. Falskt öryggi enda tekið úr kantsteinum og allt litur út eins og gangbraut. Á þar að biða eftir slysi?

Góðir stígar veita ekki aðeins meira öryggi, heldur hvetja þeir til þess að fólk noti aðra samgöngumáta en bíla og því ættu aðgerðir til að bæta stíga bæjarins að vera í forgangi. Sums staðar vantar merkingar, annars staðar þarf aðeins að laga kanta og að sjálfsgöðu er ástandið viðunandi víða.

Þegar búið verður að koma „vespunum“ af gangstéttunum kætast margir og fleiri geta verið öruggir á gangi í sínu hverfi.

Guðni Gíslason ritstjóri.

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

www.fjardarfrettir.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Fríkirkjan

í Hafnarfirði

Aðalfundur

Fríkirkjunnar í Hafnarfirði
verður haldinn í safnaðarheimili
kirkjunnar, Linnetsstíg 6,
miðvikudaginn 17. maí, kl. 20.

Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf
Nánari dagskrá á frírkirja.is og á
fésbókarsíðu Fríkirkjunnar.



Krakkarnir báru fánann að fánastönginni.

Krakkarnir eru meðvitaðir um tákni fánans og fögnuðu því vel þegar nýr fáni var dreginn að húni fyrir utan skólann.



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 14. maí

Barnahátíð

Ástjarnarkirkju kl. 11

Barnakór kirkjunnar syngur
og flytur söngleik.

Hoppukastalar og grill á eftir.



www.astjarnarkirkja.is



Víðistaðakirkja

Sunnudagur 14. maí

Tónlistarguðspjónusta kl. 11

Helga Björg Arnardóttir stýrir **A Lúðrarsveit**
Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Sunnudagaskólinn kl. 11

María og Bryndís leiða stundina.
Hressing í safnaðarsalnum á eftir.

www.vidistadakirkja.is

Vortónleikar Gaflarakórsins og Garðakórsins

Þriðjudaginn 16. maí kl. 20 í Víðistaðakirkju

Stjórnendur: Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir og Jóhann Baldvinsson
Undirleikari Gaflarkórsins: Arngerður María Árnadóttir

Allir velkomnir - Frítt inn!

FH vann grannaslaginn

Haukar áttu góða spretti en máttu þola 0-3 tap, þriðja tapið í röð

Hún er ekki amaleg umgjörðin sem menn hafa á knattspyrnuvelli Hauka á Ásvöllum. Ásfjallið og byggðin í kring sem bakgrunnur og ekki spillir dúnalogn þegar leikið er. Sú var raunin þegar Haukar tóku á móti FH í þriðju umferð úrvalsdeildar kvenna sl. þriðjudagskvöld. Það voru greinilega ekki allir að horfa á Eurovision og áhorfendur fengu að sjá fina spretti hjá báðum liðum.

Þrjú mörk voru skorud í leiknum, öll Haukamegin. Margrét Björg Ástvaldsdóttir skallaði fyrirjöf FH-inga yfir Toni markmann og í eigið mark.

Í seinni hálfleik bætti Guðný Árnadóttir við marki fyrir FH og stuttu síðar innsiglaði Karólína Lea Vilhjálmisdóttir sigur FH með fállegu marki.

Haukar eru því án stiga eftir þrjár umferðir en FH með 6 stig og í þriðja sæti.



Námskeið í gangi

Macrame hnýtingar



Strandgötu 75
Hafnarfirði
Drafnarhúsinu

Föndurlist
Vaxandi
www.facebook.com/fondurlist

Svíar áberandi

Víkingahátíð 14.-18. júní



Svíar verða áberandi á Víkingahátíðinni í sumar. Vkiókingahljómsveitin Kalabalik, Björke and Jerker verða á hátíðinni sem stendur yfir 14. - 18. júní.

Að sögn Jóhannesar Viðars fjöru-
góða hafa fjölmargir erlendir víkingar
boðað komu sína, sem gefur hátíðinni
alþjóðlegan blæ.

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR Í VINNUSKÓLA

Sumarstörf í boði fyrir ungmenni fædd 2001-2003. Sótt er um rafrænt

Vinnuskóli Hafnarfjarðar sinnir fyrst og fremst umhverfismálum og á stóran þátt í því að hreinsa bæinn eftir veturinn og hirða gróður, götur og göngustíga yfir sumartímann. Vinna hefst 12. júní.

Nánar á hafnarfjordur.is

HAFNARFJARÐARBÆR
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6

ÞJÓNUSTUVER
Opið frá kl. 8.00 - 16.00
Alla virka daga

585 5500
hafnarfjordur.is



Ungu Íslandsmeistararnir

6. fl. drengja í Haukum og 5. fl. kvenna urðu Íslandsmeistarar



Um helgina lauk síðustu mótunum í Íslandsmóti yngri flokka í handbolta.

Stelpurnar í 5. flokki á efra ári unnu þrjá leiki og gerðu eitt jafntefli um helg-

ina og stóðu uppi sem Íslands- og deildarmeistarar en liðið sigraði í fjórum mótum í vetur. Stelpurnar á yngra ári stóðu sig einnig vel og urðu í 2. sæti.



Strákarnir í 6. flokki á eldri ári tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn með því að ná 2. sæti á þessu síðasta móti og Haukar hampa því tveimur Íslands-

meistaratitlum í handbolta á í unglingsflokkum.

Myndir af heimasíðu Hauka.

Þýska töluð á Ráðhústorginu

Maíhátíð Þýsk-íslenska tengslanetsins framan við Bókasafnið

Þýsk-íslenska tengslanetið er félag sem hefur m.a. það markmið að miðla og byggja upp lífandi þýskumælandi menningu á Íslandi. Félagið stóð fyrir maíhátíð á Ráðhústorginu sl. laugardag en þýska sendiráðið og Bókasafn Hafnarfjarðar voru stuðningsaðilar hátíðarinnar.

Tré voru skreytt, krakkar krítuðu, hljómveit lék og boðið var upp á maldrykkinn og gómsætar veitingar.



Lifjóm.: Guðni Glásson

Gjörðu svo vel!

Armband selt til styrktar krabbameinssjúkum börnum

Á ári hverju greinast 10-12 börn með krabbamein á Íslandi. Styrktarfélag krabbameinssjúkra styður við bakið á fjölskyldum þessara barna, bæði fjárhagslega og félagslega. Félagið nýtur engra beinna opinberra styrkja.

Félagið hefur tekið í sölu armband, hannað af hafnfirsku gullsmiðnum Sigurði Inga Bjarnasyni í Sign. Á armbandinu stendur VON á þremur tungumálum, íslensku, ensku og latínu.

Mirra Wolfram Jörgensdóttir, 7 ára nemandi Áslandsskóla, afhenti Óttari Proppé heilbrigðisráðherra armband á gullsmiðaverkstæði Inga með orðunum „Gjörðu svo vel. Hér er armband til styrktar krabbameinsveikum börnum eins og ég var.“ en Mirra háði hetjulega baráttu við krabbamein og sigraði.

Armandið er selt á heimasíðu Styrktarfélagsins krabbameinssjúkra barna, www.skb.is, og hjá Sign í Fornubúðum.



Lifjóm.: Guðni Glásson

Systkinin Mirra Wolfram og Vigri Wolfram hafa barist við krabbamein.



Sigurður Ingi Bjarnason gullsmiður og Katla Guðmundsdóttir eiginkona hans.



Lifjóm.: Guðni Glásson

Mirra afhenti heilbrigðisráðherra fyrsta hálsmenið.



Lifjóm.: Guðni Glásson

Burgers opnuðu veitingastað í Firði

Margar þáðu frían hamburgara á opnunardaginn



Þeir Sölvi, Jónatan og Birkir nutu þess að fá frían hamburgara.

Burgers opnuðu nýjan veitingastað á fyrstu hæð í Firði í síðustu viku. Fyrir rekur fyrirtækið Burgers ehf. veitingastað á matartorginu í Kringlunni og er þetta hrein viðbót að sögn Magnúsar Garðarssonar veitingamanns.



Maggi grillaði af mikill ákefð.

Hann segir Burger leggja mikla áherslu á gott hráefni og vistvænan rekstur. Lögð er áhersla á að draga úr

plastnotkun og notður er sykurreyr, kornsterkja og mais í pakkningar. Allt kjöt kemur frá Kjóthúsinu og allir hamburgarar eru 115 g.

Formlega var opnað sl. fimmtudag og þá var boðið upp á frían hamburgara. Reyndar er boðið upp á ýmislegt annað því á matseðlinum má finna „fish & ships“, fisk í orlý sósu, fimm tegundir af salati, lambakótelettur, nautasteik og ýmislegt fleira.



Hin fræga pylsusöluhona og gleðigjafi, María Einarsdóttir heilsaði upp á Magnús við opnunina.

FJARÐAR fréttir



Smelltu á LIKE

og skoðu myndir á Facebook síðu Fjardarfretta

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

VILTU VERA MEÐ SÖLUHÚS Á 17.JÚNÍ?

Hægt er að sækja um söluleyfi til kl. 15 þriðjudaginn 30. maí.

Söluleyfið gildir fyrir sölu í miðbæ Hafnarfjarðar þar sem hátíðarhöldin fara fram, með söluleyfi fyrir sölukofi.

Athugið að söluleyfum er ekki úthlutað til einstaklinga. Umsóknir eiga að berast á netfangið:

ith@hafnarfjordur.is eða í þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar. Nánar á hafnarfjordur.is

HAFNARFJARÐARBÆR
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6

ÞJÓNUSTUVER
Opnið frá kl. 8.00 – 16.00
Alla virka daga

585 5500
hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

SMÁUGLÝSINGAR

þjónusta

Sorptunnubríf

Við komum þrífum og sóttþreinsum tunnurnar, geymsluna og rennuna. Hábrýstipríf sími 777 8656

Bílaþríf. Kem og sæki. Tjórureinsun og bön verndar bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

garðvinna - þríf

Vantar þig einhvern til að gera vorhreingerningarnar fyrir þig, og/ eða hreinsa garðinn fyrir sumarið?

Eg tek þannig vinnu að mér, hef mikla reynslu í hvorutveggja. Er nákvæm, snyrtileg og rósk í vinnu.

Ef þú gætir þurft á minni vinnu að halda, þá skrifaðu póst á jona74@gmx.at

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Á DÖFINNI

Kaffisala í dag

Slysavarnardeildin Hraunþróði heldur sína árlegu kaffisölu í **dag fimmtudag kl. 14-18** í Strandbergi, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju.

Hafnarborg

Sýningin Bókstaflega - Konkretljóð á Íslandi frá 1957 til samtímans stendur yfir í aðalsal Hafnarborgar. Í Sverrissal stendur yfir sýning á verkum úr stofngjöf Hafnarborgar.

Aðalfundur

Aðalfundur Markaðsstofu Hafnarfjarðar verður haldinn **fimmtudaginn 18. maí kl. 17** í Kænunni.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Vinnustofur um lýðræði

Ungt fólk sendu hugmyndir á stjórnmálamenn í evrópski ungmennaviku



Ljós.: Eyvín Ósk Jónsdóttir

Glæðlegur hópurinn í blíðviðrinu í Vatnaskógi.

Hafnirsk ungmenni lögðu leið sína í Vatnaskóg í blíðskaparveðri á dögunum til þess að halda vinnustofur um lýðræði í evrópski ungmennaviku og fengu til þess styrk frá Evrópu unga fólksins. Í vinnustofunum ræddu þau m.a. um stjórnsýsluna og hverju þau vildu láta breyta hjá bænum. Því næst sendu þau hugmyndir sínar á stjórnmálamenn.

„Ég æfi sund og fékk þá hugmynd að settur yrði upp vatnsbrunnur í Ásvalla-laug sem og þeytívinda og að meira verði gert á útsvæðinu við laugina. Við sendum svo þessar tillögur á formann skipulags- og byggingaráðs og hann svaraði um hæl og ætlar að koma ábendingunum áfram og athuga hvort ekki sé hægt að setja upp vatnsbrunn,“ segir Elsa Sigvaldadóttir einn þátttakendanna.

Einnig ræddi hópurinn um ábyrga notkun á samfélagsmiðlum og fálskar fréttir. Þá var þeim ofarlega í huga samstaða með flóttamönnum og áhyggjur af áætlun Donalds Trump að byggja vegg og meina fólki sem kemur frá ákveðnum löndum að setjast að þar í landi.

Þau veltu líka fyrir sér leiðum til að hafa áhrif á þau málefni sem standa hjarta þeirra næst. „Við töluðum um hvernig maður getur haft áhrif í kringum sig og ég sagði hinum í hópnum t.d

Ungmennin nutu sín vel, bæði við leik og störf.

að ég hef farið að gefa villikisum að borða, en ég er mikill dýravinnur. Það er gott að vita að maður geti haft áhrif,“ segir Bára Sif Ólafsdóttir um vinnustofurnar.

Krakkarnir bjuggu því næst til kröfuspjöld með sínum hugðarefnum. Mátti sjá spjöld með setningum á borð við: „Verndum dýrin“, „Fjölbreytnin lifir“, „Meiri heiðarleika“, „Verndum umhverfið“, „Ekki fleiri brotvísanir“ og „Hraðbanka í Áslandið.“

Á milli vinnustofanna var farið í göngutúra í blíðskapar veðri, skotbolta, fótbolta, körfubolta og svo fram eftir götunum.

Unga fólkið tvitaði hugleiðingar sínar og niðurstöður vinnustofanna á meðan á ferðinni stóð og er hægt að skoða þau inn á twitter.com/Ungt-folkHUSID



Ljós.: Eyvín Ósk Jónsdóttir

Samhentir og Vörumerking í Hafnarfjörð

Samhentir kassagerð hefur fengið úthlutað lóðunum Breiðhelli 4 og 6 undir starfsemi Samhentra og Vörumerkingar ehf. en fyrirtækin eru nú starfrækt í Garðabæ. Stysturfélag Samhentra á einnig helming í fyrirtækinu Bergplast sem er í stóru húsnæði að

Breiðhelli 2, næstu lóð við nr. 4 og 6 og starfsemi því öll sameinuð.

Sólvellir áfrýja til hæstaréttar

Sólvellir ses. hefur lagt fram áfrýjunarstefnu í máli félagsins gegn Hafnarfjarðarkaupstað og áfrýja dómi héraðsdóms frá 9. desember sl. til

Hæstaréttar. Sólvellir stóðu einir eftir forval þegar bjóða átti út byggingu hjúkrunarheimilis á Völlum og því var hætt við útbóðið.

Ein milljón kr. í lokahóf

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum sl. fimmtudag ósk Golfklúbbsins Keilis um einnar milljónar króna framlag til að standa straum af kostnaði við

lokahóf Íslandsmótsins í golfi og kostnað við sjónvarpsútsendingu frá mótinu.

RÚV mun sjónvarpa frá mótinu í beinni útsendingu alla dagana með 14 myndavélum á golfvöllinum með alls um 18 útsendingartíma.

Keilir verður mótshaldari Íslandsmótsins í högguleik sem haldið verður 20.-23. júlí nk. á Hvaleyrarvelli. Íslandsmótið var síðast haldið á Hvaleyrarvelli 2007.

Vilja ókeypis íslenskukennslu

Fólk af erlendum uppruna sagði skoðanir sínar á fjölmeningarþingi

Ýmsar hugmyndir voru ræddar á fundi með íbúum Hafnarfjarðar sem eru af erlendu bergi brotnir. Áberandi var ósk um góða og fría íslenskukennslu sem íbúarnir töldu gríðarlega mikilvæga til að hjálpa fólki við að aðlagast samfélaginu og auka möguleika þeirra.



Fulltrúar í fjölmeningarráði: *Juliet Björnsson, Páll Danielsson, Imad Attabba og Karólína Helga Simonardóttir. Á myndina vantar Algirdas Slapikas.*

Um 10% bæjarbúa eru með erlent ríkisfang og enn fleiri með erlendan bakgrunn. Pólverjar eru langfjölmennastir en enginn þeirra sótti fundinn sem hefði mátt vera betur sóttur.

Sest var niður og málin rædd og hugmyndir settar niður á blað. Þarfir innflytjenda eru greinilega mjög misjafnar eftir aðstæðum þeirra. Á fundin-

um var hópur flóttamanna frá Sírylandi og meðal þeirra er húsnæðismál og atvinnumál mikilvægustu málefni. Sumir höfðu fengið vinnu en aðrir ekki. Mjög há húsaleiga var að sliga suma og spurði einn þátttakandinn blaðamenn af hverju Íslendingar væru að bjóðast til að taka á móti flóttamönnum ef þeir



Eva Nittaya S. Grétarsdóttir.



Florije Fejzullahu.



ÍÞRÓTTIR

Handbolti:
13. maí kl. 14, Valshöllin
Valur - FH, mfl. karla, úrslit

16. maí kl. 20, Kaplakriki
FH - Valur, mfl. karla, úrslit

ÚRSLIT KARLA:
FH - Valur: (miðvikudag)

Fótbolti:
12. maí kl. 19.15, Laugardalsvöllur
Fram - Haukar, I. deild karla

15. maí kl. 18, Kaplakriki
FH - KR, úrvalsdeild kvenna

15. maí kl. 18, Þórsvöllur
Þór/KA - Haukar, úrvalsdeild kvenna

15. maí kl. 20, Valsvöllur
Valur - FH, úrvalsdeild karla

17. maí kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Víkingr R, bikarkeppni karla

ÚRSLIT KARLA:
FH - KA: 2-2
Próttur R. - Haukar: 1-2

ÚRSLIT KVENNA:
Haukar - FH: 0-3
Grindavík - Haukar: 2-1

gætu ekki skaffað þeim húsnæði og atvinnu.

Aðrir höfðu verið mun lengur á Íslandi og töluðu málið mjög vel. Þeir höfðu meiri áhuga á að kynnst menningu annarra íbúa bæjarins og umræða var m.a. um menningarhátíð og leiðir til að gefa nýbúum betra tækifæri til að aðlagast og kynnst öðrum betur.

Sýrlendingar sem hafa verið hér í eitt ár mættu á fundinn.



Heimabakaðar tertur

Í Bike Cave færðu alltaf heimabakaðar tertur, ljúffengar vöfflur og kleinur. Frábært eðalkaffi frá Kaffitári rennur ljúft í bollana. Verið velkomin :)



Hafnarborg, Hafnarfirði • Opið alla daga kl. 9-22
www.bikecave.is • sími 770 3113 • Erum á Facebook



OPIÐ HÚS

Bæjarfulltrúi Vinstri grænna í bæjarstjórn Hafnarfjarðar verður með opið hús vikulega á skrifstofu Vinstri grænna í Hafnarfirði Strandgötu 11 á fimmtudögum á milli kl. 16:00 og 18:00.

Hafnfirðingar verið velkomnir í kaffispjall um bæinn okkar. Allir velkomnir.

Kveðja, Eva Dögg.

Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vantar allar gerðir eigna á skrá! Frítt söluverðmat

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“



Ársæll Steinmóðsson
aðstoðarmaður fasteignasala

RF/MAX
sími 896 6076
as@remax.is



Páll B. Guðmundsson
löggitur fasteignasali

FJÖRÐUR
Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900

ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Ung í badminton



Badmintonfélag Hafnarfjarðar stóð fyrir Snillingamóti BH í Íþróttahúsinu við Strandgötu fyrir unga badminton-sníllinga sl. laugardag.

Metfjöldi var á mótinu, alls 80 krakkar víða að og hafði fjölgað mikið frá því í fyrra.

Ljósmyndari Fjarðarfréttta leit við þegar keppni var í gangi hjá yngstu krökkunum, fæddum 2008 og síðar en fleiri myndir má sjá á fréttasíðunni www.fjardarfrettir.is

Veisla fyrir vinnustadinn

Sólskin í glasi og sælkerasamlökur

veisla@lemon.is

Lemon

Burger*inn

Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Deilt um 5 ára leigusamning við Ástjarnarkirkju

Minnihlutinn telur ekki sýnt fram á þörf bæjarins og vill gagnsæja aðstoð við kirkjuna

Bæjarráð samþykkti sl. fimmtudag með 3 atkvæðum 5 ára leigusamning á nýju húsnæði Ástjarnarkirkju frá 1. júlí á næsta ári. Fær bærinn afnot af safnaðarheimilinu alla virka daga og samkvæmt samkomulagi á öðrum tímum þ.e. laugardögum og á kvöldin s.s. vegna félagsstarfs og sýninga

ast hefur vegna reksturs frístundaheimila. Einnig er gert ráð fyrir að Tónlistarskólinn fái aðstöðu í safnaðarheimilinu fyrir nemendur Hraunvallaskóla, Hvaleyrarskóla og tímabundið fyrir nýja skólann í Skarðshlíð en aðstaða hans þar verður tilbúin fyrir 2020.

vera víðar í bænum og aðgengi að slíkri þjónustu í safnaðarheimili Ástjarnarkirkju væri til mikilla hagsbóta fyrir íbúa á því svæði. Þá er jafnframt hugað að því að félagasamtök geti haft not af húsnæðinu.“

Hafnarfjarðarbaer greiðir 500 þús. kr. á mánuði í leigu fyrir 200 klst. afnot og verður leigan greidd fyrirfram í byrjun hvers árs.

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna telja að ekki hafi verið sýnt fram á þörf bæjarins fyrir húsnæði af þessu tagi, á þessu svæði, til svo langs tíma. Teljum þeir að eðlilegra væri, ef áhugi er fyrir hendi að styrkja verkefnið, að það sé gert með gagnsæjum hætti en sá leigusamningur sem hér liggur fyrir er mjög ógagnsær.

Benda þeir á að það sé yfirlýst stefna meirihlutans að draga úr húsnæðiskostnaði bæjarsjóðs og selja eignir bæjarins en á sama tíma er verið að leigja hér húsnæði til 5 ára, fyrir 30 milljónir, í óskilgreinda starfsemi.

TEKIÐ Í NOTKUN Í HAUST

Nýja húsnæði Ástjarnarkirkju verður formlega tekið í notkun í haust en það leysir brýna húsnæðisþörf kirkjunnar sem hefur haft afstöðu í tveimur gömlum lausum kennslustofum.

Húsnæðið er fyrri hluti kirkjubyggingarinnar en ekkert liggur fyrir hvenær hægt verður að hefjast handa við síðari áfanga og skv. upplýsingum frá kirkjunni er það ekkert á næstunni.



Fyrri áfangi Ástjarnarkirkju er langt kominn og verður húsnæðið vígt í haust.

samkvæmt nánara samkomulagi við leigusala. Þar til nýr skóli í Skarðshlíð verður tilbúinn verður húsnæðið notað undir skólustarfsemi en einnig undir starfsemi tónlistarskóla, frístundaheimili, félagsstarfssemi og fl.

Í minnisblaði fjögurra sviðsstjóra bæjarins segir að með því að leigja aðstöðu í safnaðarheimilinu áfram skapist möguleiki á að leysa húsnæðisvanda sem skap-

„Þá fjölgar eldri borgurum í sveitarfélaginu og á næstu árum þarf að bregðast við aukinni þjónustuþörf. Í Vallahverfi er ekki miðstöð fyrir eldri borgara og félagsstarf fyrir eldri borgara ekki fyrir hendi. Æskilegt er að slík þjónusta sé til reiðu fyrir þennan stækkandi hóp bæjarbúa og í nærumhverfi íbúa. Nú er félagsstarf fyrir eldri borgara á Hjallabraut, Sólvangsvegi og Flatahrauni. Uppbygging þarf að

Viltu vita hvers virði eignin þín er?

RE/MAX®

FJÖRÐUR

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði

Frítt verðmat!

Páll B. Guðmundsson

Löggiltur fasteignasali

861 9300, pallb@remax.is

